



Reykjavík, 30. júlí 2021

Stuðningsyfirlýsing við hvítrússneska stúdenta

LÍS lýsa yfir áframhaldandi stuðningi við hvítrússneska stúdenta sem hafa orðið fyrir kúgun af höndum yfirvalda þjóðarinnar. LÍS gáfu út [yfirlýsingu](#) þann 20. október 2020 þar sem fjöldi stúdenta voru handtekin í kjölfar friðsamlegra mótmæla tveimur mánuðum fyrr. Í þeirri yfirlýsingu tókum við undir kröfur ESU, BOSS og BSU sem birtust í [sameiginlegri yfirlýsingu](#):

1. Hvít-Rússneska innanríkisráðuneytið láti lausa alla stúdenta sem eru í haldi og láta af beitingu óeirðalögreglu, beitingu grimmilegrar meðferðar á friðsamlega mótmælendur og því að halda þeim í farbanni.
2. Fáfræði og meðvirkni stjórnenda innan háskólanna sem leyfa lögreglu eftirlit verði fordæmt sem og grimm d gagnvart nemendum innan veggja háskólanna.
3. Réttlæti verði komið á fyrir fórnarlömb lögregluofbeldis (*e. police brutality*) og ofsókna.
4. Evrópska háskólasvæðið beiti alþjóðlegum þrýstingi á menntamálaráðuneytið í Hvíta-Rússlandi til að tryggja réttindi Hvít-Rússneskra stúdenta.

Ástandið hefur því miður versnað síðan, en 11 stúdentar og einn kennari voru sakfelld fyrir að hafa „skipulagt óeirðir“ að sögn hvítrússneska dómstólsins. 11 þeirra hafa fengið fangelsisdóm til tveggja ára og eitt þeirra í tvö ár og sex mánuði. Þessir einstaklingar eru eftirfarandi:

- Alana Gebremariam
- Anastasiya Bulybenka
- Hleb Fitzner
- Illia Trakhtenberg
- Maryia Kalenik
- Kasia Budzko
- Kseniya Syramalot
- Tatsiana Yakelchyk
- Viktoryia Hrankouskaya

- Volha Filatchankava
- Yahor Kanetski
- Yana Arabeika

Enn og aftur fordæma LÍS aðgerðir stjórnvalda Hvíta Rússlands og sýna samstöðu með þeim sem hafa verið beitt óréttlæti. Við skilum þeim baráttukveðjum og óskum þeim velgengnis í framvindu málsins.

Fyrir hönd Landssamtaka Íslenskra Stúdentna,
Derek Terell Allen